



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Klettaborg

Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Klettaborg verði breytt úr 71 barni í 96 börn.

Greinargerð

Leikskólinn Klettaborg, Dyrhömrum 5, er fjögurra deilda leikskóli þar sem leyfi er fyrir 71 barn. Um áramótin 2025-2026 var ný starfsstöð tekin í notkun við Klettaborg, Klettaborg-Kot, Sporhömrum 14. Þar eru tvær deildir fyrir 25 börn.

Leikskólinn Klettaborg fer því úr að vera 4 deilda skóli með 71 barni í 6 deilda skóla með 96 börn í janúar 2026. Boðið verður í öll þau pláss sem bættust við í innritun fyrir haustið 2026.

Fjöldi deilda og barna yrði eftir stækkunina eftirfarandi:

Aðalhús	4 deildir	71 barn	
Klettaborg - Kot	2 deildir	25 börn	aukning um 25 börn
Samtals		96 börn	

Við þessa stækkun er lagt til að rekstrarleyfi Klettaborgar fari úr 71 barni í 96 börn.

Umsögn frá foreldraráði liggur fyrir.

